

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað  
Hafnarbraut 6  
740 Neskaupstaður



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 5. mars 2014  
Tilvísun: UST20131200093/gsá

### Sjónarmið rekstraraðila móttokin - máli lokið.

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 24. janúar 2014 þar sem áformað var að veita fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. Neskaupsstað, áminningu vegna tveggja frávika sem fram komu í reglubundnu eftirliti þann 22. nóvember sl., hvað varðar að fita í fráveituvatni mældist yfir losunarmörkum og að niðurstöðum TVN mælinga hafði ekki verið skilað.

Umhverfisstofnun barst bréf frá rekstraraðila þann 3. febrúar sl. þar sem fram komu sjónarmið rekstraraðila. Taldi stofnunin það ekki nægilega góðar útskýringar og óskaði eftir betri uppsetningu frárennslismælinga skv. eyðublaði um frárennslismælingar sem sent hefur verið rekstraraðila. Þann 24. febrúar sl. sendi rekstraraðili nánari útreikninga fyrir frárennslismælingarnar og telur stofnunin þær fullnægjandi. Hvað seinna frávikið varðar þá kemur fram í bréfi rekstraraðila frá 24. febrúar sl að bót verði gerð á tilkynningum til stofnunarinnar er TVN gildi fer yfir þau mörk sem tilgreind eru í starfsleyfi. Með bréfinu fylgdi afrit af frávikaskýrslu þar sem fram kemur að gæðastjóri tilkynni öll TVN frávik samstundis til Umhverfisstofnunar og að það ferli verði sett inn í gæðahandbók.

Lítur Umhverfisstofnun á þetta sem fullnægjandi úrbætur og mun ekki aðhafast frekar vegna þessara frávika.

**Hér með staðfestist að fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar hf. Neskaupsstað hefur bætt úr þeim frávikum sem komu fram við reglubundið eftirlit ársins 2013.**

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústdóttir  
sviðsstjóri

*Sigrún Ágústdóttir*

*G. Stella Árnadóttir*

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur